

L ö g

Nr. 38.

2.
nóvbr.

um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. grein X., 49. orðist þannig:

Nesþing: Ólafsvíkur-, Brimilsvalla-, Ingjaldshóls- og Hellnasóknir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi í fardögum 1915.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

Nr. 39.

2.
nóvbr.

L ö g

um beitutekju.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sjerhver sá, er heimild hefir til fiskiveiða í landhelgi, má setja á land skelfisks-beituverkfæri sín og farvið af skipi sínu, þar sem ekki er friðlýst æðarvarp, selalátur eða áróf, sem laxveiði er í. Fyrir þetta skal hann greiða 2 krónur fyrir hvern sólarhring í hvert skifti, sem hann tekur beitu.

Fyrir skemri tíma greiðist sama gjald.

2. gr.

Eigi má taka beitu í netlögum, nema ábúandi jarðar leyfi. Netlög eru 60 faðmar á sjó út frá stórstraumstjörumáli. Gera skal formaður ábúanda viðvart í hvert skifti, er hann ætlar að taka beitu fyrir landi hans, samkvæmt 1. gr.

Nú vanrækir formaður að gera ábúanda aðvart í hvert skifti, sem hann ætlar að taka skelfisk fyrir landi hans, og varðar það 10 til 20 kr. sekt fyrir hvert skifti.

3. gr.

Nú tekur maður í óleyfi skelfisk í netlögum annars manns, og varðar það 20 til 200 króna sekt, og borga skal hann allan svo upptekinn skelfisk tvöföldu gangverði.

4. gr.

Nú verður jörð fyrir usla af beitutekjumönnum, og skal formaður gjalda fyrir það skaðabætur eftir mati óvilhallra manna.

5. gr.

Formaður greiðir gjald það, er nefnt er í 1. gr., áður en hann fer af beitufjöru, nema öðruvísi sje um samið. Sjeu ábúendur fleiri en einn, má greiða gjaldið einum þeirra, enda hafi enginn umboðsmaður gefið sig fram af þeirra hálfu.

Nú greiðir beitutaki ekki gjald þetta áður en hann fer af beitufjöru, og skal hann þá greiða tvöfalt gjald.

6. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

7. gr.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um beitutekju nr. 60, 10. nóv. 1905.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1915.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.